

TENGIVIRKI Í RIMAKOTI

Deiliskipulag

28.10.2022

TILLAGA



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

101170-GRG-001-V05-Tengivirki í
Rimakoti

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir, Sólveig Olga Sigurðardóttir

RÝNT

Sólveig Olga Sigurðardóttir, Margrét Róbertsdóttir, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ásgeir Jónsson

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann

f.h. Rangárþings eystra

Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Skipulagsgögn:

Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:1500 dags. 28.10.2022

Greinargerð þessi með skipulagsskilmálum.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur _____	6	6	Málsmeðferð _____	13
1.1	Markmið _____	6	6.1	Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu _____	13
2	Forsendur _____	7	6.2	Skipulagsferli _____	13
2.1	Staðhættir _____	7			
2.2	Aðalskipulag Rangárbings eystra 2016-2028 _____	7			
2.3	Orkustefna til ársins 2050 _____	8			
2.4	Kerfis- og framkvæmdaáætlun Landsnets _____	8			
2.5	Minjar _____	8			
3	Skipulagsskilmálar _____	9			
3.1	Lóð _____	9			
3.2	Byggingar _____	9			
3.3	Aðkoma og bílastæði _____	9			
3.4	Veitur og sorp _____	9			
3.5	Brunavarnir _____	9			
3.6	Ofanvatn _____	10			
3.7	Helgunarsvæði jarðstrengs _____	10			
4	Almennir byggingarskilmálar _____	10			
4.1	Hönnun og uppdrættir _____	10			
4.2	Mæliblöð _____	10			
4.3	Frágangur lóðar og umgengni _____	10			
5	Umhverfismatskýrsla _____	11			
5.1	Vægi umhverfisáhrifa _____	11			
5.2	Umhverfisþættir _____	11			
5.3	Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags _____	11			

1 INNGANGUR

Deiliskipulagið nær til lóðarinnar *Rimakot (L163918)*, sem er leigulóð. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir tengivirki við Rimakot á sameiginlegri lóð RARIK og Landsnets (L163918), norðan við Landeyjasand í Rangárþingi eystra. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings eystra, sem er í skipulagsferli, þar sem svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði I8.

Skipulagssvæðið / lóðin er 1 ha samkvæmt Þjóðskrá Íslands og skiptast afnot lóðar í hlutföllunum 28,9% Landsnet og 71,1% RARIK. Á lóðinni stendur spennistöð, samtals 251,6 m², í sömu eignarhlutföllum.

Unnið er að stækkun og endurbótum á mannvirkjum innan lóðar samhliða lagningu Rimakotslínu 2 (RI2) sem er hluti af uppbyggingu flutningskerfis raforku á Suðurlandi.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

1.1 Markmið

Markmið með gerð deiliskipulagsins er að skilgreina byggingarheimildir lóða vegna tengivirkis og aðveitustöðvar. Með deiliskipulaginu er settur rammi um núverandi starfsemi á svæðinu, viðhald mannvirkja og stækkunaráform. Framkvæmdir verða í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Setja byggingarskilmála þar sem m.a. verður kveðið á um samræmt yfirbragð mannvirkja.



Mynd 1. Staðsetning skipulagssvæðis.

2 FORSENDUR

Landsnet vinnur að bættu afhendingaröryggi og aukinni flutningsgetu raforku á Suðurlandi með lagningu Rimakotslínu 2. Núverandi 66 kV kerfi inniheldur ákveðna flöskuhálsa sem takmarka frekari álagsaukningu á svæðinu. Rimakotslína 2 er nýr 132 kV jarðstrengur á milli Hellu og Rimakots í Rangárþingi eystra, alls 36 km.

Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað töluvert síðastliðin ár og mikil þörf er á uppbyggingu raforkukerfisins til að anna eftirspurn eftir raforku svo hægt sé að stuðla að hagsæld í byggðapróun sem styrkir atvinnulíf. Rimakotslína 2 kemur til með að auka afhendingargetu raforku á svæðinu umtalsvert.

Deiliskipulagið er unnið á forsendum þess að til þess að Rimakotslína 2 standi undir auknu álagi er þörf á að auka umfang tengivirkisins við Hellu sem felur í sér aukið byggingarmagn lóðarinnar svo hægt sé að byggja upp mannvirki í tengslum við rekstur strengsins.

2.1 Staðhættir

Tengivirkið er umkringgt hefðbundnu landbúnaðarlandi í allar áttir og land er vel gróið í næsta nágrenni við lóðina. Stærstur hluti lóðarinnar er nú þegar raskaður. Landeyjasandur liggur skammt frá í suðri, ásamt Landeyjahöfn örlítið austar. Aðkoma er frá Landeyjarhafnavegi til suðurs, eftir Bakkavegi þaðan sem slóði liggur upp að tengivirkinu.

Rangárþing eystra er staðsett á virku gosbelti og því mikilvægt að taka tillit til náttúruvár í skipulagsvinnunni. Náttúruvá á svæðinu sem einna helst

þarf að líta til er vegna hættu af jarðskjálftum, eldgosum, árflóðum og jökulhlaupum.

Vegna jarðskjálftahættu er nauðsynlegt að hyggja sérstaklega vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, misgengi eða stallar undir sökklum. Rimakot er á hættusvæði vegna flóða í Markarfljóti og því gæti þurft að verja mannvirki og aðra innviði með varnargörðum eða öðrum nauðsynlegum mótvægisáðgerðum.

2.2 Aðalskipulag Rangárþings eystra 2016-2028

Nýtt Aðalskipulag Rangárþings eystra er í skipulagsferli og er deiliskipulagið unnið í samræmi við það. Umrætt skipulagssvæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæðið I8:

TAFLA 1: Hluti úr töflu í kafla 2.4.5 Iðnaðarsvæði (I):

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
I8	Rimakot í Landeyjum	Spennistöð. Deiliskipulag ekki fyrir hendi. Heimild fyrir uppbyggingu og endurbótum tengivirkja.	1,0

Einnig segir um Rimakotslínu 2 í greinargerð aðalskipulags:

„Fyrirhugaður 132 kV jarðstrengur. Verður lagður frá Hellu meðfram Suðurlandsvegi austur fyrir Hvolsvöll og þaðan til suðurs að Rimakoti. Stefnt skal að því að strengurinn fylgi sem mest vegum og slóðum sem fyrir eru á svæðinu og raski á gróðri og ræktuðu landi haldið í lágmarki. Frágangur skal vera með þeim hætti að svæðið taki á sig mynd aðliggjandi

lands m.a. með nýtingu svarðlags. Einnig er heimil gerð göngu- og hjólastígs á strengleið í samstarfi við landeigendur og Landsnet.

Sveitarstjórn er hlynnt lagningu jarðstrengsins um sveitarfélagið. Umhverfisáhrif verða óveruleg eftir að framkvæmdum lýkur og raski á þegar óröskuðum svæðum verður haldið í lágmarki. Samstarf verður við landeigendur um endanlega legu strengsins og einnig ef lagður verður göngu- og hjólastígur við lagnaleiðina.“

2.3 Orkustefna til ársins 2050

Orkustefna til ársins 2050 er langtíma orkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: *Orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.*

Rimakotslína 2 er mikilvægur þáttur í uppbyggingu raforkukerfis á Suðurlandi og samræmist þeim áherslum sem settar eru fram í Orkustefnu Íslands til ársins 2050, þar sem megin markmið hennar er að auka raforkuöryggi og flutningsgetu rafmagns á Suðurlandi.

2.4 Kerfis- og framkvæmdaáætlun Landsnets

Árlega leggur Landsnet fram kerfisáætlun til Orkustofnunar. Kerfisáætlun gerir grein fyrir fyrirhugaðri uppbyggingu eða uppfærslu á meginflutningskerfi raforku innan 10 ára, ásamt framkvæmdaáætlun til þriggja ára. Rimakotslína 2 er listuð á Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.

Fyrirhuguð framkvæmd er á framkvæmdaáætlun 2022-2024. Stefnt er á að framkvæmdir hefist 2023 og að þeim ljúki seinni hluta árs 2024.

2.5 Minjar

Skráning fornleifa í sveitarfélaginu í heild sinni er ekki lokið. Þegar er búið að raska svæðinu með mannvirkjagerð.

Ef fram koma áður óþekktar minjar á framkvæmdartímanum, sbr. 24. Gr. laga um menningarminjar nr. 20/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

3.1 Lóð

Lóðamörk eru sýnd á deiliskipulagsupprætti ásamt stærð lóðar. Lóðin skal vera afgirt.

3.2 Byggingar

Deiliskipulagsuppráttur sýnir núverandi byggingar. Á lóðinni stendur nú spennistöð sem er 251,6 m².

Innan byggingarreits er heimiluð uppbygging við núverandi spennistöð, ásamt uppsetningu á spennabúnaði og öðrum tilheyrandi búnaði. Spennabúnaður verður afgirtur með veðurhlíf.

Heildar byggingarmagn lóðar er allt að 600 m². Hæð tengivirkisbygginga getur verið allt að 8,0 m m.v. gólfkóta.

Staðsetning byggingar og spennabúnaðar er frjálst innan byggingarreits og einungis sýnd möguleg staðsetning á deiliskipulagsupprætti.

Reynt skal að aðlaga mannvirki sem best að landi og vanda hönnun og frágang byggingar, bílastæða og lóðar.

Útilýsing skal vera í lágmarki og skal hún vera lágstemmd og ljósi beint niður, til að forðast ljósmengun á nærliggjandi svæðum.

3.3 Aðkoma og bílastæði

Aðkoma er af Landeyjarhafnarvegi til vesturs um Bakkaveg og núverandi veg af honum.

Bílastæði eru innan lóðar.

3.4 Veitur og sorp

Svæðið er tengt dreifikerfi RARIK og vatnsveitu svæðisins.

Verði starfsmannaaðstaða innan lóðar skal frárennsli leitt í hreinsivirki og verður frágangur í samræmi við reglugerð um fráveitu nr. 798/1999. Tryggt verður gott aðgengi til tæmingar. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem við verður komið.

Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingarreglugerðar. Sorphirða fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

3.5 Brunavarnir

Lóðin er innan starfssvæðis Brunavarna Rangárvallasýslu og skulu brunavarnir taka mið af brunavarnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Þar sem veitukerfi anna ekki nægu slökkvivatni skal tryggja aðgengi að því, s.s. með safntanki, borholu og/eða öruggu aðgengi slökkvibíla að yfirborðsvatni. Brunavarnir, s.s. stærð og staðsetning tanks eða borholu, verða unnar í samráði við Eldvarnaeftirlit Brunavarna Rangárvallasýslu.

3.6 Ofanvatn

Bent er á þann möguleika að regnvatni af þökum og hörðu yfirborði, verði miðlað í jarðveg í stað fráveitukerfis. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði lóðar sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum, þannig að yfirborðsvatn seyti smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu í malarfyllingu.

3.7 Helgunarsvæði jarðstrengs

Helgunarsvæði jarðstrengs er sýnt á uppdrætti, alls 5 metrar til beggja átta. Engar framkvæmdir eru heimilaðar innan helgunarsvæðis nema í samráði við Landsnet.

4 ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR

4.1 Hönnun og uppdrættir

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum og fyrirkomulag bygginga á lóðinni.

4.2 Mæliblöð

Á mæliblöðum skal sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingarreit og fjölda bílastæða. Þá skal sýna skipulag og frágang lóðar og lóðamarka.

4.3 Frágangur lóðar og umgengni

Óheimilt er að láta lausamuni standa til langframa á lóð. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni sem snyrtilegastri svo engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama. Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Að framkvæmdum loknum skal aðlaga land að landinu umhverfis og færa í sem upprunalegast horf.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr.5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásjúnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfispætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram.

5.1 Vægi umhverfisáhrifa

Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

5.2 Umhverfispættir

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu deiliskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Við matið er horft til neðan greindra umhverfispátta og leitast við að svara matsspurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

TAFLA 2. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSPURNING	VIÐMIÐ
Loft	Losun gróðurhúsa-lofttegunda og binding kolefnis.	Landskipulagsstefna 2015-2026 Stefna í aðalskipulagi.
Gróður	Áhrif á gróður.	Vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásjúnd og landslag	Áhrif á ásjúnd og landslag.	Landskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Áhrif á atvinnulíf. Áhrif á íbúapróun og styrkingu byggðar.	Stefna í aðalskipulagi. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Áhrif á náttúruminjar, fornminjar og verndarsvæði.	Stefna í aðalskipulagi. Aðalskráning fornminja. Húsakönnun.
Heilsa og öryggi	Umferðaröryggi. Hætta á mengun.	Stefna í aðalskipulagi. Landskipulagsstefna 2015-2026.

5.3 Mat á umhverfisáhrifum deiliskipulags

Grunnástand: Ekkert deiliskipulag er í gildi af svæðinu. Á svæðinu er spennistöð.

Breytt skipulag: Heimilt er að byggja við og endurbæta þau mannvirki sem nú standa á lóðinni.

Áhrif á loft eru metin jákvæð. Tengivirkið er hluti af uppbyggingu Rimakotslínu 2 sem er stór þáttur í að auka afhendingaröryggi raforku á Suðurlandi og til Vestmannaeyja. Að tryggja gott afhendingaröryggi er grundvöllur að þeim orkuskiptum sem eiga sér stað í samgöngum til þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

Áhrif á gróður eru metin óveruleg. Svæðið er þegar raskað og er umkringgt landbúnaðarlandi. Áhersla er lögð á vandaðan frágang lóðar að

framkvæmdum loknum og skal eins og hægt er skilja við landið í sem upprunalegustu ástandi.

Áhrif á ásýnd og landslag eru óveruleg. Áhrif bygginga á landslag á þessum slóðum eru nokkur því svæðið er mjög flatt. Aftur á móti eru þessi mannvirki látlaus í litavali og hvorki stór að flatarmáli né há. Þar að auki er nokkuð langt í næstu íbúa.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Tengivirkið er mikilvægur partur af uppbyggingu raforkukerfis sem er grundvöllur fyrir farsæla byggðarþróun og öflugt atvinnulífi á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum. Leiðir af sér aukin lífsgæði íbúa á svæðinu.

Áhrif á minjar og verndarsvæði eru óveruleg. Engar þekktar minjar eða verndarsvæði eru innan skipulagssvæðis.

Áhrif á heilsu og öryggi eru metin jákvæð. Verið er að auka afhendingaröryggi raforku sem er mikilvægur hlekkur fyrir ýmis samfélagsleg gæði sem eru mikilvæg fyrir heilsu og öryggi íbúa (m.a. heilbrigðisþjónustu og fæðuöryggi). Endurbætur á tengivirki eru einnig mikilvægar til að tryggja öruggan flutning raforku milli landshluta.

Niðurstaða:

Nýtt deiliskipulag stuðlar að hagkvæmri nýtingu lands þar sem svæðið hefur hingað til verið nýtt í sambærilegum tilgangi og er að stórum hluta þegar byggt. Ekki er verið að raska nýju svæði til að standa undir aukinni raforkunotkun og því verið að nota betur þá innviði sem þegar eru til staðar.

Ýmis samfélagsleg gæði eru fólgin í lagningu Rimakotslínu 2 og nýju tengivirki. Verið er að mæta aukinni eftirspurn eftir raforku þar sem

íbúafjölgun og atvinnulíf er að vaxa umtalsvert hraðar en gert var ráð fyrir og mikil þörf er á að styrkja innviði.

Einnig er verið að stuðla að farsælum orkuskiptum í samgöngum með auknu afhendingaröryggi sem er mikilvægur hlekkur í loftslagsáætlun íslenska ríkisins. Skipulagið er í samræmi við stefnu sveitarstjórnar og stjórnvalda. **Heildaráhrif deiliskipulagstillögunnar eru talin vera jákvæð.**

6 MÁLSMEÐFERÐ

6.1 Umsagnaraðilar deiliskipulagstillögu

- Skipulagsstofnun
- Rarik
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

6.2 Skipulagsferli

Deiliskipulagstillagan er unnin og kynnt skv. 40. – 42. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillaga auglýst
haustið 2022.



Deiliskipulag staðfest á
vormánuðum 2023.